



Úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum

Barnafoss

Hraunfossar



Ferðamálaráð Íslands
Apríl 2003

Kynning á starfsemi Ferðamálaráðs á sviði umhverfismála

Verkefni Ferðamálaráðs
samkvæmt lögum

Umhverfismál eru samkvæmt lögum um skipulag ferðamála eitt af verkefnum Ferðamálaráðs Íslands. Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfsemi ráðsins á þessu sviði, hver eru helstu verkefni, hvernig starfið er skipulagt og hvaða fjármunum er úr að spila. Í byrjun er þó ef til vill gagnlegt að velta fyrir sér hvers vegna umhverfismál eru eitt af verkefnum Ferðamálaráðs.

Náttúran í fyrsta sæti

Áhugi á landi og náttúru
er yfirgnæfandi þáttur

Ljóst má vera að íslensk náttúra er helsta aðdráttarafl ferðamanna sem til landsins koma. Í því sambandi má til dæmis vísa í könnun sem Ferðamálaráð Íslands gerir reglulega á meðal erlendra ferðamanna. Niðurstöður könnunar frá síðasta sumri sýna að þegar gestir eru beðnir um að nefna þætti sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð tiltaka tæplega 80% íslenska náttúru. Áhugi á landi og náttúru er einnig yfirgnæfandi þáttur þegar spurt er um hvaðan fólk fékk hugmyndina að Íslandsferð sinni og þá þarf ekki að koma á óvart að í ferðalok er náttúran það sem ferðalangar hafa jákvæðast viðhorf til, af þeim þáttum sem spurt var um.

Fjöregg
ferðaþjónustunnar

Af þessu má sjá að ekki er ofmælt þegar talað er um náttúruna sem fjöregg íslenskrar ferðaþjónustu. Jafn ljóst er að öll umferð um landið, ferðamanna sem annarra, veldur álagi á landið og því afar mikilvægt að við skipulag ferðamála sé hugað að umhverfismálum.

Fjölþætt starfsemi

Ferðamálaráð Íslands sinnir fjölþættri starfsemi á sviði umhverfismála. Þar má til dæmis nefna:

- Framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum
- Úthlutun styrkja til þeirra sem vinna að úrbótum í umhverfismálum á ferðamannastöðum
- Fræðslustarf, svo sem útgáfu leiðbeiningar- og fræðslurita
- Ráðgjöf
- Einstök verkefni, til dæmis hreinsun hálendisleiða

Tveir þættir viðamestir

Af þessum þáttum eru tveir þeir efstu sínu fyrirferðarmestir. Þannig hefur Ferðamálaráð annars vegar **forgöngu um og umsjón með úrbótum á fjölsóttum ferðamannastöðum**, oft í samvinnu við aðra, svo sem sveitarfélög á viðkomandi svæði, Vegagerðina og

Umhverfisstofnun. Þarna er jafnan um að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir, svo sem þær sem fram hafa farið við Hraunfossa og Barnafoss og kynntar eru sérstaklega hér á eftir. Hins vegar úthlutar Ferðamálaráð **árlega styrkjum til þeirra sem vinna að úrbótum í umhverfismálum á ferðamannastöðum**. Þessir tveir þættir verða kynntir sérstaklega hér að neðan.

Markmiðið er að bæta aðgengi fyrir ferðamenn, vernda landið og uppfylla væntingar ferðamanna

Rannsóknir á þolmörkum ferðamannastaða

Í þessu sambandi er einnig vert að nefna að Ferðamálaráð Íslands hefur haft forgöngu um rannsókn á þolmörkum ferðamennsku á fimm vinsælum ferðamannastöðum með það að markmiði að bæta aðgengi fyrir ferðamenn, vernda landið og uppfylla væntingar ferðamanna, íslenskra sem erlendra. Staðirnir eru Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, Lónsöræfi, Landmannalaugar, Mývatnssveit og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri með stuðningi frá Rannís. Þolmörk ferðamennsku eru skilgreind sem sá hámarksfjöldi ferðamanna sem getur ferðast um svæði án þess að það leiði af sér óviðunandi hnignun á umhverfinu eða upplifun ferðamanna og íbúa svæðisins. Skýrsla fyrir Þjóðgarðinn í Skaftafelli kom út sl. vor og verið er að vinna úr niðurstöðum fyrir hina staðina.

Almennt um framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum

Verkefnisstjórn gerði tillögur að úrbótum

Nú er rétt um áratugur síðan Ferðamálaráð Íslands hóf undirbúning að fyrstu framkvæmdunum á sínum vegum á fjölsóttum ferðamannastöðum. Árið 1994 skipaði samgönguráðherra verkefnisstjórn sem gerði úttekt á fjölsóttum ferðamannastöðum um allt land og kom með tillögur að úrbótum. Í framhaldi af þeirri vinnu var úthlutað fjárveitingu frá Alþingi og Ferðamálaráði falið að fylgja verkefnunum eftir.

Hraunfossar meðal fyrstu verkefna

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1995 samþykkti Alþingi fyrstu fjárveitinguna til þessara verkefna, 5 milljónir króna. Ferðamálaráð ákvað hvar skyldi fyrst ráðist í framkvæmdir og fyrir valinu urðu svæðið við Hraunfossa í Borgarfirði, Hveraröndin við Námaskarð og hverasvæðið í Krísuvík. Vert er einnig að geta þess að árið 1992 lét Ferðamálaráð koma fyrir snyrtingum við Gullfoss en þá framkvæmd má vissulega fella undir þennan flokk.

Framkvæmdir á 39 stöðum að núvirði 245 milljónir króna

Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur Ferðamálaráð staðið fyrir eða komið að framkvæmdum á 39 stöðum. Á korti sem fylgir hér með má sjá hverjir þessir staðir eru. Ljóst þótti að til að ná árangri þyrftu að koma til auknir fjármunir og hafa fjárveitingar aukist ár frá ári. Á þessu ári eru þannig 39,8 milljónir til ráðstöfunar og samtals hefur verið varið tæplega 245 milljónum króna á núvirði til þessara framkvæmda frá árinu 1995. Sem fyrr segir eru framkvæmdirnar gjarnan unnar í samvinnu við aðrar stofnanir eða heimamenn sem þá leggja fé á móti því sem Ferðamálaráð hefur úr að spila. Þannig hefur með samstilltu átaki náðst verulegur árangur í bættu aðgengi að fjölsóttum ferðamannastöðum, samhliða því sem stuðlað er að

Með samstilltu átaki hefur náðst verulegur árangur

verndun náttúrunnar. Ef ekkert er að gert er hætt við að umhverfi á fjölsóttum ferðamannastöðum láti verulega á sjá á tiltölulega skömmum tíma. Með framkvæmdum á vegum Ferðamálaráðs hefur hins vegar tekist að bæta skaða sem þegar hefur orðið á viðkomandi stöðum, komið hefur verið í veg fyrir frekari skemmdir en samhliða hefur aðgengi ferðafólks batnað.

Framkvæmdir við Hraunfossa og Barnafoss

Árið 1995, þegar Ferðamálaráð hóf vinnu við áningarstaðinn við Hraunfossa, var ástandið vægast sagt slæmt. Áníðsla landsins var þannig að gróðureyðing á bökkum árinna var komin á hættustig, gróðurþekja var nánast horfin og trjágróður að fara sömu leið. Á öðrum stöðum í landinu gekk sauðfé þannig að nær enginn trjágróður þreifst þar. Einhverjar tilraunir höfðu verið gerðar á árunum á undan til að spyrna við fótum. Reynt var að afmarka leiðir, brúa læki og loka óæskilegum leiðum en mjög takmörkuðu fjármagni hafði verið varið til framkvæmdanna og ljóst var að mun meira þurfti til svo hægt væri að koma böndum á vandann.

Gróðureyðing á bökkum árinna var komin á hættustig

Byrjað var á að hanna og gera framkvæmdaáætlun fyrir svæðið. Framkvæmdir hófust síðan sem fyrr segir árið 1995 og fólust í stuttu máli í því að Vegagerðin byggði nýtt bílastæði, um svæðið voru lagðir stígar sem geta tekið við þeim fjölda ferðamanna sem þar fer um og stór útsýnispallur byggður á þeim stað þar sem helst eru teknar myndir og mest gróðureyðing var. Nokkrum árum síðar var farið í lokafrágang á svæðinu og þá byggð hreinlætisaðstaða og komið fyrir þjónustuhúsi sem tekið verður í notkun í vor. Síðastliðið haust og í vetur var síðan lögð lokahönd á verkið. Þá var meðal annars gengið frá afmörkun á bílastæði og aðkomutorgi. Einnig hefur gönguleiðin handan árinna verið gerð aðgengileg með tröppum og stíg inn á hraunið, nýr útsýnispallur var gerður við Barnafoss og óæskilegum slóðum lokað í þeim tilgangi að vernda umhverfið og auka öryggi ferðamanna. Hönnun gönguleiða og mannvirkja hefur verið í höndum Halldórs Jóhannssonar, landslagsarkitekts og framkvæmdir í höndum fyrirtækja Ingólfs Jóhannssonar skrudgarðyrkjumeistara og Þorsteins Guðmundssonar vélaverktaka og starfsmanna þeirra.

Lokahönd lögð á verkið

Nýr útsýnispallur við Barnafoss

Styrkir til umhverfismála

Úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum eru sem fyrr segir önnur meginstoðin í starfi Ferðamálaráðs á sviði umhverfismála. Hinn þátturinn er styrkir sem úthlutað er til framkvæmda á vegum einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélaga. Skilyrði er að framkvæmdirnar stuðli að verndun náttúrunnar, samhliða bættum aðbúnaði ferðamanna. Styrkir þessir hafa verið veittir til gönguleiðamerkinga, stígagerðar, skiltagerðar og til að koma upp salernisaðstöðu, svo eitthvað sé nefnt. Auglýst er eftir styrkjum í byrjun hvers árs og er samanlögð upphæð styrkumsókna jafnan margföld sú upphæð sem er til ráðstöfunar. Svo dæmi sé tekið af yfirstandandi ári þá bærust 160 umsóknir þar sem sótt var um styrki til um 180 verkefna. Til úthlutunar voru 10 milljónir króna en alls nam heildarupphæð styrkumsókna 125 milljónum króna. Af því leiðir að

Annar meginþáttur umhverfisstarfsins eru styrkveitingar

Auglýst eftir styrkjum árlega

Betur má ef duga skal

mörgum verkefnum sem vert hefði verið að leggja lið varð að hafna. Að þessu sinni fengu 28 umsækjendur styrk, á bilinu 100 þúsund til 700 þúsund krónur hver.

Listi á vef Ferðamálaráðs

Úthlutun styrkja hefur farið fram árlega frá árinu 1995 og hefur samtals tæplega 200 styrkjum verið úthlutað á þeim tíma að núvirði tæplega 52 milljónir króna. Listi yfir styrkþega og upplýsingar um þau verkefni sem þeir hafa unnið að er að finna á vef Ferðamálaráðs www.ferdamalarad.is. Hér meðfylgjandi er hins vegar kort af Íslandi þar sem búið er að merkja inn hvar á landinu framkvæmdirnar hafa verið.


Vernd og viðgangur náttúrunnar er grundvöllur að framtíðarnýtingu landsins

Umhverfisstefna Ferðamálaráðs

Þess má loks geta að árið 1995 setti Ferðamálaráð sér umhverfisstefnu til að vinna eftir. Í niðurlagi hennar segir: *Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðaþjónustan byggir á. Hreint og ómengað land og ósnortin náttúra er og á að vera ímynd Íslands. Vernd og viðgangur náttúrunnar er grundvöllur að framtíðarnýtingu landsins og framgangi ferðaþjónustu, og því verkefni allra sem beint eða óbeint nýta landið. Markmið stefnumörkunar Ferðamálaráðs í umhverfismálum er:*

- ***Að við allt skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu verði litið á það sem grundvallaratriði að íslensk náttúra og umhverfi bíði ekki tjón af.***
- ***Að leggja úherslu á fegrun umhverfis, viðhald menningarverðmæta og góða umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðamanna í byggðum sem óbyggðum.***

Ferðamálaráð Íslands
Úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum
1995 - 2003



Ferðamálaráð Íslands
Styrkir til úrbóta í umhverfismálum
1995 - 2003

